

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2012.

Efni: Frumvarp til laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988, barnaföt o.fl. (490. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að barnaföt verði færð í lægra þrep virðisaukaskatts.

Viðskiptaráð Íslands tekur undir mikilvægi þess að auka ráðstöfunartekjur einstaklinga og hefur um margra ára skeið bent á að skattalækkanir séu bestu kjarabætur heimila. Í þeim efnum þarf þó að stíga varlega til jarðar í ljósi bágrar stöðu ríkissjóðs. Langvarandi hallarekstur ríkissjóðs kemur niður á hagkerfinu í heild og því er það eitt mikilvægasta verkefni endurreisnarinnar að ná jöfnuði í ríkisfjármálum. Þó er vel unnt að færa rök fyrir því að brýn þörf sé á heildarendurskoðun á umfangsmiklum skattahækkunum síðustu ára. Með einfaldara skattkerfi má auka umsvif í hagkerfinu og þar með hagvöxt sem svo aftur skilar sér bættum lífskjörum og í beinum tekjuauka fyrir ríkið. Þá er enn svigrúm til aðlögunar í útgjöldum ríkissjóðs sem tilefni er til að nýta.

Lækkun virðisaukaskatts almennt myndi að öllum líkindum hafa þensluhvetjandi áhrif í för með sér samhliða aukningu í neyslu. Hagvöxtur síðustu missera hefur um of verið drifinn af aukinni neyslu sem aftur kyndir undir verðbólgu. Verði frumvarp þetta samþykkt er því mikilvægt að ríkissjóður dragi frekar saman seglin til að vega uppá móti væntum þensluáhrifum.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllt,



Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri